

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr fullorðnum stofnhópum hænsnfugla í varpi þegar ekki er hægt að taka sýni með skóhlífum.

Svona skalt þú taka sýni:

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla hænsnfugla

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Fullorðnir hópar	Á tveggja vikna fresti (á varptímabilinu) Eða fyrir hverja útungun ¹	Varphús	Skóhlífásýni/ ryksýni (eða saursýni hjá búfuglum)	Alltaf, nema þegar Mast tekur sýni	3 sinnum á tímabilinu: 0-4 vikur eftir flutning, 8-0 vikur fyrir lok framleiðslu og einu sinni á milli

¹ Ef ungað er út sjaldnar en mánaðarlega, skal taka sýni hvert skipti fyrir útungun þannig að niðurstöður liggja fyrir við móttöku eggja í útungunarstöðina og sýnið má ekki vera eldra en 2ja vikna (sýnatökudagur).

Saursýni

Þú tekur fersk dritsýni sem hvert vegur a.m.k. 1g. Dritnið er tekið af handahófi af mismunandi svæðum í húsinu. Þú matt dreifa dritinu í tvö ílát, svo að það fæst tvö safnsýni.

Taflan segir til um fjöldi staða þar sem taka skal saursýni úr hverjum hópi:

Fjöldi fugla í hópnum	Fjöldi saursýna sem skal taka í hópnum
250-349	200
350-449	220
450-799	250
800-999	260
1000 eða fleiri	300

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskíni.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökur skv. reglugerð (EB) nr. 213/2009, birt í [EES viðbæti](#) bls. 286.

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011